

2025

# Loftslagsstefna Þingeyjarsveitar

2025-2040

SAMÞYKKT 25.09.2025



ÞINGEYJARSVEIT | Þingey, 650 Laugar



# Efnisyfirlit

|                                                              |    |
|--------------------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                              | 4  |
| Framtíðarsýn Þingeyjarsveitar í loftslagsmálum .....         | 6  |
| Stefnurammi.....                                             | 7  |
| Grunnupplýsingar um sveitarfélagið .....                     | 8  |
| Yfirmarkmið .....                                            | 11 |
| Umfang stefnu .....                                          | 13 |
| Megináherslur í aðgerðum .....                               | 14 |
| 1. Samdráttur losunar frá samgöngum.....                     | 14 |
| 2. Uppbygging hringrásarhagkerfis .....                      | 14 |
| 3. Fræðsla og viðhorfsbreyting (stuðningsaðgerð) .....       | 14 |
| 4. Innkaup og rekstur .....                                  | 15 |
| 5. Landnotkun binding í gróðri og jarðvegi .....             | 15 |
| 6. Samstarfsverkefni við íbúa, atvinnulíf og stofnanir ..... | 16 |
| 7. Skipulag og mannvirki.....                                | 17 |
| Verkfæri og þróun stefnu .....                               | 18 |
| Aðgerðaráætlun .....                                         | 19 |
| 1. Samdráttur losunar frá samgöngum.....                     | 19 |
| 2. Uppbygging hringrásarhagkerfis og vistvæn innkaup .....   | 20 |
| 3. Fræðsla og viðhorfsbreyting (stuðningsaðgerðir) .....     | 21 |
| 4. Innkaup og rekstur .....                                  | 22 |
| 5. Landnotkun og binding í gróðri og jarðvegi .....          | 23 |
| 6. Samstarfsverkefni við íbúa, atvinnulíf og stofnanir ..... | 24 |
| 7. Skipulag og mannvirki.....                                | 25 |



# Inngangur

Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru ein stærsta áskorun samtímans og ógna lífsskilyrðum manna og náttúru um allan heim. Þær birtast m.a. í hækkandi meðalhita, afbrigðilegu veðurfari, hopandi jöklum og súrnun sjávar. Afleiðingar loftslagsbreytinga eru ekki aðeins vistfræðilegar, heldur einnig félagslegar og efnahagslegar, þær hafa áhrif á fæðuöryggi, lífsgæði og öryggi samfélaga víða um heim. Alþjóðasamfélagið hefur brugðist við með Parísarsamkomulaginu, þar sem skuldbindingar hafa verið settar fram til að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 °C frá iðnbyltingu.

Ísland hefur samþykkt skuldbindingar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Þessar skuldbindingar ná þó ekki aðeins til ríkisins – þær krefjast virkrar þátttöku sveitarfélaga, atvinnulífs og almennings. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í þessari vegferð þar sem þau hafa bein áhrif á skipulag, samgöngur, innviði, úrgangsstjórnun, orkunotkun og fræðsluþætti sem eru afgerandi fyrir árangur í loftslagsmálum.

Þingeyjarsveit er landstærsta sveitarfélag landsins með um 12% af heildarflatarmáli Íslands og býr yfir einstakri náttúru, ósnortnu víðerni og er ríkt af auðlindum. Þessi sérstaða skapar bæði gríðarleg tækifæri og mikilvægar skyldur. Þingeyjarsveit hefur með ábyrgri landnýtingu, nýtingu hreinna orkugjafa og uppbyggingu sjálfbærra innviða í gegnum tíðina staðið sig vel þegar kemur að loftslagsmálum. Sveitarfélag sem byggir nánast alla sína starfsemi á náttúruauðlindum og náttúrufegurð hefur hins vegar ríkari skyldur en aðrir þegar kemur að umhverfis- og loftslagsmálum. Það er öllum íbúum í hag að Þingeyjarsveit verði leiðandi afl þegar kemur að umhverfisvernd og loftslagsmálum.

Í kjölfar metnaðarfullrar umhverfisstefnu sveitarfélagsins er nauðsynlegt að klára skrefið með loftslagsstefnu sveitarfélagsins. Með þessari stefnu stígur Þingeyjarsveit skref í átt að kolefnishlutleysi í eigin rekstri og markar upphaf samstilltrar og mælanlegrar vegferðar í þágu

sjálfbærrar framtíðar. Stefnan byggir á þeirri sannfæringu að aðgerðir í loftslagsmálum séu ekki aðeins nauðsynlegar til að draga úr skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga, heldur einnig tækifæri til að efla samfélagið, styrkja nýsköpun, bæta lýðheilsu og auka verðmætasköpun í sátt við náttúruna.

Loftslagsstefna Þingeyjarsveitar er því bæði staðbundin og hnattræn, hún byggir á sérstöðu svæðisins en horfir fram á veg með alþjóðlega ábyrgð að leiðarljósi. Hún er grunnur að áframhaldandi sjálfbærni og framtíðarsýn sem nær til bæði íbúa og náttúru.

# Framtíðarsýn Þingeyjarsveitar í loftslagsmálum

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit stefnir að því að verða til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að byggja upp kolefnishlutlausan rekstur, efla loftslagsvænt samfélag og nýta þá sérstöðu sem felst í víðfeðmu og fjölbreyttu landi sveitarfélagsins. Loftslagsstefnan felur í sér skýra framtíðarsýn um samfélag sem vinnur markvisst gegn losun gróðurhúsalofttegunda og eykur viðnámsþrótt sinn gagnvart áhrifum loftslagsbreytinga.

Þingeyjarsveit vill vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum með því að skapa skilyrði fyrir vistvænan samgöngumáta bæði í eigin rekstri og fyrir samfélagið í heild. Sveitarfélagið stefnir að því að rafbílar, reiðhjól og vistvænar almenningssamgöngur verði raunhæfur valkostur fyrir íbúa, gesti og starfsfólk sveitarfélagsins.

Í rekstri sveitarfélagsins verður unnið að því að lágmarka orkunotkun og hámarka nýtingu hreinnar orku. Byggingar og innviðir sveitarfélagsins verða hannaðir og reknir með áherslu á orkusparnað og kolefnishlutleysi. Stefnt er að því að nýta tækifæri til sjálfbærrar orkuöflunar með öllum þeim leiðum sem mögulegar eru.

Þingeyjarsveit vill einnig vera leiðandi í að draga úr úrgangi og byggja upp hringrásarkerfi sem lágmarkar sóun og stuðlar að vistvænni nýtingu auðlinda. Í því felst aukin áhersla á flokkun, endurnýtingu, heimamoltugerð og þróun loftslagsvænnar úrgangsstefnu. Skilaboð um mikilvægi ábyrgðar í neyslu og meðhöndlun úrgangs verða samofin fræðslu og stefnumörkun sveitarfélagsins.

Þekking og viðhorf samfélagsins skipta höfuðmáli í loftslagsaðgerðum. Þingeyjarsveit mun nýta stöðu sína sem nær þjónustuaðili til að efla fræðslu og stuðla að viðhorfsbreytingum meðal íbúa og starfsfólks. Sérstök áhersla verður lögð á að miðla hringrásarhugsun, eðli og

afleiðingum loftslagsbreytinga. Leitast verður eftir því að fræða íbúa í gegnum skólakerfið, viðburði og þeim miðlum sem sveitarfélagið notar. Með því verði fræðsla sýnileg og þekking almenn í samfélaginu.

Sveitarfélagið er stór landeigandi og býr yfir víðfeðmu landi þar sem tækifæri til kolefnisbindingar í gróðri og jarðvegi eru umtalsverð. Með ábyrgri landstjórnun, endurheimt vistkerfa, skógrækt og sjálfbærri nýtingu lands getur sveitarfélagið lagt verulegt framlag til kolefnishlutleysis, umfram það sem rekstur sveitarfélagsins eitt og sér felur í sér.

Jafnframt mun sveitarfélagið beita sér fyrir umhverfisvænum innkaupum og styðja við loftslagsmarkmið með skýrum viðmiðum í útboðum og þjónustukaupum. Stefnt er að því að sveitarfélagið sýni fordæmi – þar sem innkaup, framkvæmdir og samningar taka mið af markmiðum um kolefnislækkun og hámarksþróun hringrásarhagkerfis.

Öll framtíðarsýn Þingeyjarsveitar byggir á virku samstarfi við íbúa, fyrirtæki og stofnanir. Það er því nauðsynlegt að sveitarfélagið marki sér stefnu í átt að sjálfbærni, nýsköpun og jákvæðri byggðapróun í samráði við íbúa, fyrirtæki og stofnanir. Með þessu verðum við öll hluti af lausninni, í þágu náttúrunnar, samfélagsins og komandi kynslóða.

## Stefnurammi

Samkvæmt lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, 5. gr., skulu stofnanir og fyrirtæki ríkisins sem og sveitarfélög setja sér loftslagsstefnu sem inniheldur skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt nauðsynlegum aðgerðum.

## Grunnupplýsingar um sveitarfélagið

Þingeyjarsveit er víðfeðmt og náttúruríkt sveitarfélag á Norðausturlandi. Flatarmál sveitarfélagsins er um 12.000 ferkílómetrar, sem gerir það að landstærsta sveitarfélagi landsins eða um 12% af yfirborði Íslands. Sveitarfélagið hefur því vegna stærðar sinnar, náttúruauðlinda og einstakrar náttúrufergurðar mikla sérstöðu og einstakt tækifæri til að leiða aðgerðir í loftslagsmálum, sérstaklega þegar kemur að landnýtingu, vernd og nýtingu hreinna orkuauðlinda.

Íbúar Þingeyjarsveitar eru rúmlega 1.500 talsins og er búseta mjög dreifð. Þéttbýliskjarnar sveitarfélagsins eru:

- Reykjahlíð við Mývatn, með um 230 íbúa
- Laugar, með um 120 íbúa

Aðrir íbúar búa í minni byggðakjörnum og dreifbýli. Þetta kallar á sérsniðnar lausnir í samgöngum, þjónustu og orkunýtingu. Þrátt fyrir margar áskoranir sem fylgja dreifbýlu og víðfeðmu sveitarfélagi leynast mörg tækifæri til loftslagsaðgerða sem bæði geta verið til að efla byggðarþróun, auka atvinnutækifæri og efla samfélagið.

Rekstur sveitarfélagsins felur í sér ýmsar starfseiningar, þar á meðal:

- Skrifstofa sveitarfélagsins að Reykjahlíð
- Skrifstofa Þingeyjarsveitar að Laugum
- Þjónustumiðstöð bæði í Mývatnssveit og Laugum

Að auki eru á vegum sveitarfélagsins ýmisir samfélagsinnviðir eins og grunnskólar, leikskólar, íþróttamannvirki, sundlaugar, bókasöfn og félagsaðstaða. Þær rekstrareiningar sem eru teknar fyrir í fyrstu áföngum loftslagsstefnunnar eru þjónustumiðstöð og skrifstofur

sveitarfélagsins. Markmiðið er að bæta við fleiri einingum í næstu skrefum, með áherslu á heildstæða nálgun á kolefnisspor sveitarfélagsins í heild.

Viðmiðunarár fyrir losunarbókhald og aðgerðaáætlun er árið 2023. Loftslagsstefnan nær yfir helstu losunarpætti sveitarfélagsins, þ.m.t.:

- Beina og óbeina notkun jarðefnaeldsneytis
- Rafmagns- og hitaveitunotkun
- Meðhöndlun úrgangs frá eigin starfsemi
- Innkaup á vörum og þjónustu sem hafa áhrif á kolefnisspor sveitarfélagsins

Þingeyjarsveit hefur gott aðgengi að hreinni orku og býr því yfir miklum möguleikum til sjálfbærrar orkunýtingar. Í sveitarfélaginu eru nokkrar hitaveitur, þó nokkrar vatnsveitur ásamt því að nýtt er bæði vatnsafl og gufa til rafmagnsframleiðslu. Samt sem áður eru tækifæri til frekari orkuskipta og aukinnar sjálfbærni, sérstaklega í samgöngum og orkunýtingu.

Í ljósi bæði stærðar og náttúruleikenna sveitarfélagsins er mikilvægt að loftslagsstefna Þingeyjarsveitar verði sérsniðin, sveigjanleg og þróist í takt við þekkingu og breyttar aðstæður. Með því móti getur sveitarfélagið verið leiðandi í mótun lausna sem nýtast bæði innan sveitarfélagsins og sem fyrirmynd fyrir önnur landsbyggðarsamfélög.

## Heimsmarkmið

Stefna Þingeyjarsveitar í loftslagsmálum samræmist markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG) og styður sérstaklega við eftirfarandi heimsmarkmið. Með stefnumarkandi aðgerðum í orkuskiptum, landnotkun, samgöngum, vistvænum innkaupum og samfélagsþátttöku leggur sveitarfélagið sitt af mörkum til að skapa sjálfbært, heilbrigt og réttlátt samfélag.



Orkuskipti eru meðal mikilvægustu loftslagsaðgerða sveitarfélagsins. Þingeyjarsveit vinnur að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlut vistvænnar orku í rekstri sínum og hvetur einnig íbúa og fyrirtæki til þátttöku í orkuskiptum. Þetta á við bæði um rafbíla, hagræðingu á rafmagnsnotkun í rekstri og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Í stefnu Þingeyjarsveitar er lögð áhersla á dreifða byggð og öflugt byggðasamstarf sem byggir á sjálfbærum lausnum. Skipulag og innviðir taka mið af sjálfbærni og minnkun á útblæstri kolefnis, þar á meðal með vistvænu skipulagi, fyrir fjölbreytta ferðamáta (malbikaðir vegir og bætt göngu- og hjólastígakerfi) og vistvænum mannvirkjum. Þetta styrkir bæði samgöngur og aðgengi að þjónustu í dreifðum byggðakjörnum. Með áherslu á hringrásarhagkerfi vinnur Þingeyjarsveit að markmiðum um að draga úr úrgangi, auka endurnýtingu og styðja við ábyrg innkaup. Sveitarfélagið setur sér stefnu í innkaupum sem byggir á umhverfissjónarmiðum og styður þannig við vistvæna neysluhegðun bæði í eigin rekstri og hjá íbúum. Loftslagsstefna sveitarfélagsins er bein aðgerð til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að aðlögun að breyttu loftslagi. Stefnt er að kolefnishlutleysi í rekstri fyrir árið 2040 og aðgerðaráætlunin tekur á lykilþáttum líkt og samgöngum, úrgangi, orkunotkun og landnotkun.

Þingeyjarsveit leggur áherslu á samstarf við íbúa, stofnanir, fyrirtæki og aðra hagaðila við innleiðingu loftslagsaðgerða. Með virku samráði og þátttöku er stuðlað að sameiginlegri ábyrgð og auknum árangri.

## Yfirmarkmið

Þingeyjarsveit stefnir að því að verða kolefnishlutlaus í eigin rekstri eigi síðar en árið 2040. Þetta felur í sér að dregið verði markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi sveitarfélagsins og að eftir verði aðeins losun sem verður kolefnisjöfnuð með bindingu í gróðri, jarðvegi eða öðrum raunhæfum leiðum. Fyrsta undirmarkmið á þessari vegferð er að ná 45% samdrætti í losun fyrir árið 2030, miðað við viðmiðunarárið 2023.

Þessi markmið byggja á alþjóðlegum skuldbindingum Íslands samkvæmt Parísarsamkomulaginu og endurspegla þá ábyrgð sem sveitarfélög bera í loftslagsmálum. Með því að stíga skref í átt að kolefnishlutleysi í eigin rekstri tekur Þingeyjarsveit jafnframt frumkvæði að því að móta framtíðarsýn um sjálfbært samfélag á forsendum svæðisins sjálfs.

Þótt losun frá rekstri sveitarfélagsins sé aðeins hluti af heildarlosun Þingeyjarsveitar, þá er hlutverk sveitarfélagsins í stefnumótun og innviðum afar mikilvægt. Með ákvörðunum í skipulagsmálum, samgöngum, orkunýtingu, landnotkun, fræðslu og innkaupum getur sveitarfélagið haft víðtæk áhrif á þróun í átt að sjálfbærni á svæðinu. Sem stór landeigandi, með víðfeðmt land og fjölbreytt vistkerfi, hefur sveitarfélagið einstakt tækifæri til að efla náttúrulega bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri með sjálfbærri landnýtingu, endurheimt vistkerfa og markvissri landgræðslu og skógrækt. Þetta framlag getur orðið umtalsvert fyrir kolefnisspor svæðisins og styrkir möguleika sveitarfélagsins til að verða leiðandi afl í loftslagsmálum meðal íslenskra sveitarfélaga.

Sérstaða Þingeyjarsveitar er víðfeðm náttúra, hreinar orkuauðlindir og dreifð byggð. Það skapar bæði áskoranir og tækifæri. Markmið sveitarfélagsins er því að nýta þessi sérkenni til að þróa staðbundnar lausnir sem nýtast bæði gegn loftslagsbreytingum og við að auka lífsgæði íbúa.

Í framvindu loftslagsstefnunnar mun Þingeyjarsveit leggja áherslu á eftirfarandi meginatriði:

- **Draga úr losun frá eigin rekstri með skýrum og mælanlegum aðgerðum;**
- **Auka kolefnisbindingu í landi sveitarfélagsins og í samstarfi við aðra landeigendur;**
- **Virða og nýta staðbundna sérstöðu svæðisins til þróunar staðbundinna lausna;**
- **Samþætta loftslagsmarkmið við aðra stefnuþætti sveitarfélagsins, svo sem skipulag, nýsköpun, lýðheilsu og byggðapróun;**
- **Stuðla að virkri þátttöku samfélagsins og efla samstarf við íbúa, fyrirtæki og stofnanir.**

Yfirmarkmið loftslagsstefnu Þingeyjarsveitar eru því ekki aðeins tæknileg eða rekstrarleg, þau endurspeгла víðari framtíðarsýn um samfélag sem tekur ábyrgð á náttúru sinni, eflir sjálfbærni í öllum þáttum og vinnur markvisst með loftslagsmál sem tækifæri til jákvæðrar samfélagsþróunar.

## Grunnhugsjónir og áherslur

Stefnan byggir á eftirfarandi meginforsendum:

- Loftslagsaðgerðir skulu styðja við jákvæða byggða-, atvinnulífs- og efnahagsþróun.
- Nýsköpun og loftslagsvæn verðmætasköpun skulu höfð í fyrirrúmi.
- Aðgerðir skulu taka mið af sérstöðu svæðisins, víðfeðmi þess og nýta skulu staðbundin tækifæri

## Umfang stefnu

Stefnan nær til eftirfarandi þátta í rekstri sveitarfélagsins.

- Innkaup jarðefnaeldsneytis vegna reksturs sveitarfélagsins
- Óbein innkaup jarðefnaeldsneytis (flug, bílaleigubílar og leigubílar). Ef mögulegt útboðsverkefni, (sorphirða, snjómokstur).
- Orka (raforka og hitaveita)
- Úrgangur sem fellur til vegna eigin reksturs
- Innkaupastefna
- Ferðaáætlun/samgöngusamningar
- Mannvirkjastjórnun, skilvirkari orkunotkun eigin húsnæðis

# Megináherslur í aðgerðum

## 1. Samdráttur losunar frá samgöngum

Þingeyjarsveit ætlar að draga úr losun frá samgöngum í rekstri sveitarfélagsins. Stóran hluta samfélagslegrar losunar má rekja til aksturs bifreiða sem knúnir eru af jarðefnaeldsneyti. Lausnin felst í því að auka hlutdeild fararmáta sem hafa að jafnaði minni eða enga losun. Taka skal fram að í þessari aðgerðaáætlun eru orkuskipti ekki einungis túlkuð sem rafmagnsvæðing ökutækja, heldur túlkuð þannig að þau geta líka falist í því að nota eigin orku til að komast á milli staða, ganga eða hjóla. Sveitarfélagið getur stuðlað að samdrætti með því að bæta innviði fyrir slíka ferðamáta. Heilsueflandi og virkir ferðamátar hafa að auki margs konar ávinning í för með sér fyrir utan að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aukin hreyfing starfsfólks bætir lýðheilsu og hamingju í starfi.

## 2. Uppbygging hringrásarhagkerfis

Hugmyndafræði hringrásarhagkerfis felur í sér að draga úr myndun úrgangs, draga úr notkun, endurnýta, gera við og endurvinna. Þá felur hringrásarhugsun í sér breytingu á framleiðslu og neyslu með minni umhverfisáhrifum. Fjölbreyttar aðgerðir geta fallið hér undir sem draga úr bæði samfélagslegri losun og losun frá rekstri sveitarfélagsins. Sveitarfélagið ætlar að leggja áherslu á þætti sem munu hafa sem mest áhrif á kolefnisspor svæðisins, t.d. loftslagsvæna innkaupastefnu, matvælastefnu og úrgangsstefnu.

## 3. Fræðsla og viðhorfsbreyting

Eitt mikilvægasta hlutverk sveitarfélags er fræðsla og miðlun þekkingar til íbúa, þó að áhrif þess á losun gróðurhúsalofttegunda séu óbein og ómælanleg í tonnum.

Þingeyjarsveit stefnir á að veita starfsfólki sveitarfélagsins fræðslu um loftslagsbreytingar, leggja áherslu á miðlun hringrásarhugsunar, efla þekkingu á náttúru og umhverfi í skólum meðal nemenda og til annarra íbúa. Einnig að kanna möguleika á þátttöku í viðburðum og verkefnum sem stuðla að árangri í loftslagsmálum.

#### 4. Innkaup og rekstur

Rekstur sveitarfélaga hefur áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, ekki aðeins beint með eldsneytisnotkun og orkunotkun, heldur einnig óbeint með vali á vörum og þjónustu. Með því að beita vistvænum innkaupastefnum og hagræða í rekstri getur Þingeyjarsveit haft áhrif langt umfram eigin starfsemi og stuðlað að jákvæðri hegðun í samfélaginu.

Sveitarfélagið ætlar að þróa og innleiða loftslagsvæna innkaupastefnu sem tryggir að val á vörum og þjónustu taki mið af kolefnisspori, líftímakostnaði og endurvinnslumöguleikum. Sérstök áhersla verður lögð á að forgangsraða innkaupum sem stuðla að hringrásarhagkerfi, þar á meðal endurnýtanlegum og endurvinnanlegum efnum og vistvænum byggingarefnum eins og kostur er. Enn fremur verða daglegur rekstur og viðhald metin með tilliti til losunar. Þetta nær yfir orkunýtingu í húsnæði, vistvænar ræstivörur, meðhöndlun úrgangs og umhverfisvæna valkosti í ferðum starfsfólks. Allar framkvæmdir og rekstraraðgerðir verða skoðaðar með það að leiðarljósi að draga úr losun og auka sjálfbærni eins og mögulegt er hverju sinni.

#### 5. Landnotkun og binding í gróðri og jarðvegi

Landnotkun og meðferð lands eru meðal áhrifamestu þátta í loftslagsmálum, bæði hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda og möguleika til kolefnisbindingar. Þingeyjarsveit býr yfir fjölbreyttu og víðfeðmu landi og er stór landeigandi, sem skapar einstaka möguleika til að leggja verulegt framlag til loftslagsmarkmiða Íslands

um kolefnishlutleysi. Sveitarfélagið stefnir að því að virkja þessa möguleika með markvissum aðgerðum sem stuðla að aukinni kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra og ábyrga landnýtingu til framtíðar með:

- **Endurheimt votlendis** þar sem það er raunhæft og umhverfislega hagstætt, með það að markmiði að auka náttúrlega bindingu kolefnis og styrkja vistkerfi svæðisins,
- **Styðja og efla skógrækt, sérstaklega birkivæðingu** á svæðum þar sem gróður hefur rýrnað, með áherslu á bindingu og fjölbreytt vistkerfi,
- **Stuðla að vernd og bættri nýtingu túna og beitolanda** með því að bæta jarðveg og stuðla að kolefnisbindingu með sjálfbærri landbúnaðarstefnu,
- **Virkja samstarf við landeigendur, bændur og aðra hagaðila** um þróun staðbundinna verkefna sem nýtast heildarloftslagsmarkmiðum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið mun jafnframt beita sér fyrir því að:

- **Meta og skrá bindingargetu sinna eigin landssvæða** og byggja upp traust kerfi til að fylgjast með þróun kolefnisbindingar á svæðinu.
- **Leita tækifæra til samstarfs við ríkisstofnanir, rannsóknaraðila og fyrirtæki** til að efla vistkerfisbundna bindingu og þróa nýjar aðferðir sem henta eðli svæðisins.

Sérstaða Þingeyjarsveitar er fjölbreytt og lítt röskuð vistkerfi og fjölbreytt landnýtingarsvæði gefur einstakt tækifæri til að vera leiðandi afl í þróun náttúrulegrar kolefnisbindingar. Slík binding getur verið lykilþáttur í að sveitarfélagið nái yfirmarkmiðum sínum um kolefnishlutleysi, auk þess sem styður við vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðvernd og endurheimt vistkerfa. Í þágu náttúrunnar, samfélagsins og komandi kynslóða.

## 6. Samstarfsverkefni við íbúa, atvinnulíf og stofnanir

Heildræn og árangursrík loftslagsstefna byggir á samstarfi og sameiginlegri sýn.

Þingeyjarsveit vill vera virkur bakhjarl og hvetjandi afl í að byggja upp samfélag sem

tekur þátt í loftslagsaðgerðum af ábyrgð, nýsköpun og samstöðu. Samstaða íbúa, fyrirtækja og stofnana er grundvöllur fyrir því að sveitarfélagið nái árangri þegar kemur að loftslagsmálum. Þingeyjarsveit mun því:

**Efla tengsl og samstarf** við lykilaðila í landbúnaði, ferðaþjónustu, orkumálum og nýsköpun.

**Stuðla að stofnun eða stuðningi við samfélagsverkefni** þar sem íbúar geta tekið virkan þátt í bindingu kolefnis, hringrásarlausnum, endurheimt vistkerfa og vistvænni samgönguinnviði,

**Bjóða til viðburða og samráðsfunda** þar sem hugmyndir og tækifæri til loftslagsaðgerða eru rædd og þróuð,

**Skapa hvata og umhverfi** fyrir þau fyrirtæki og stofnanir sem vilja aðlaga starfsemi sína að loftslagsmarkmiðum.

Samtarfsverkefni eru jafnframt mikilvæg til að tryggja að aðgerðir endurspegli þarfir og vilja samfélagsins. Með samtali og samvinnu skapast traust, samfélagsleg ábyrgð og víðtæk þátttaka í lausnum sem draga úr losun og stuðla að kolefnishlutleysi sveitarfélagsins.

## 7. Skipulag og mannvirki

Skipulag sveitarfélagsins er eitt öflugasta tækið þess til að móta sjálfbært samfélag til framtíðar. Skipulagsákvæðanir hafa áhrif á ferðavenjur, orkunotkun, kolefnisspor bygginga, landnotkun og gróður, og þar með á loftslagsmál í heild.

Þingeyjarsveit ætlar að samþætta loftslagsmarkmið við alla skipulagsvinnu sveitarfélagsins. Þetta felur í sér að við endurskoðun aðalskipulags, deiliskipulags og hverfisskipulags verði kolefnisspor, orkunýtni, flæði umhverfisvænna ferðamáta, innviðir og kolefnisbinding í gróðri metin sem hluti af faglegu mati. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja vistvæna byggð með blöndun íbúðar- og atvinnusvæða, góðri tengingu við göngu- og hjólaleiðir og aðgengi að almenningssamgöngum. Við hönnun

og framkvæmd nýrra mannvirkja verða vistvæn byggingarefni og orkunýtnar lausnir höfð í forgrunni. Sveitarfélagið stefnir að því að nýbyggingar sem það rekur verði metnar og hannaðar í samræmi við staðla um kolefnishlutlausar byggingar.

## Verkfæri og þróun stefnu

Í upphafi nær stefnan eingöngu til skrifstofu og þjónustumiðstöðvar í Mývatnssveit og Laugum. Gert er ráð fyrir að öðrum einingum verði bætt við síðar, svo sem grunn- og leikskólum, sundlaugum, íþróttamannvirkjum og bókasöfnum.

Stefnan verður endurskoðuð árlega af umhverfisnefnd. Yfirmarkmið og undirmarkmið verða uppfærð með hliðsjón af nýjustu upplýsingum um losun og þróun aðgerða. Sveitarstjórn samþykkir stefnuna formlega og birtir upplýsingar um framvindu og árangur á heimasíðu sveitarfélagsins.

# Aðgerðaráætlun

## 1. Samdráttur losunar frá samgöngum

| Aðgerðir                                                                                      | Markmið                                                                                     | Tímarammi | Mælikvarði                                                                  | Ábyrgðaraðili                                                                         |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|-----------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------|
| Við endurnýjun bílaflota verði horft eingöngu til rafbíla eða annarra með endurnýjanlega orku | Ná 50% rafvæðingu eigin bílaflota fyrir 2030                                                | 2025–2030 | Hlutfall bíla sem ganga fyrir rafmagni eða öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum | Sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs<br>Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Setja upp hleðslustöðvar við starfsstöðvar og þjónustusvæði                                   | Auka aðgengi að innviðum rafbíla og styðja við orkuskipti                                   | 2025–2026 | Fjöldi nýrra hleðslustöðva og notkun þeirra                                 | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs                                             |
| Skipuleggja og byggja upp stígakerfi milli helstu þéttbýliskjarna                             | Fjölga virkum og umhverfisvænum ferðamátum. Byggja upp heildstætt kerfi vistvænna samgangna | 2025-2028 | Fjöldi km nýrra göngu- og hjólastíga                                        | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs                                             |
| Notkun rafmagnsbíla í styttri ferðum starfsmanna (<100 km)                                    | Minnka notkun á jarðefnaeldsneyti í rekstri                                                 | 2025-2040 | Hlutfall ferða á rafmagnsbílum                                              | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs                                             |

|                                                                                                  |                                                              |           |                                                     |                                          |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|-----------|-----------------------------------------------------|------------------------------------------|
| Samgöngusamningar við starfsfólk sveitarfélagsins                                                | Stuðla að vistvænum og virkum ferðamáta                      | 2025-2028 | Fjöldi starfsmanna með samgöngusamninga             | Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Tryggja gönguvænt og öruggt umhverfi fyrir alla aldurshópa                                       | Aukið öryggi og umhverfisvænni samgöngumáti fyrir alla       | 2026-2030 | Fjöldi gönguleiða og tenginga við skóla og þjónustu | Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Byggja upp yfirbyggð og læsanleg hjólastæði fyrir hjól og rafhjól við stofnanir sveitarfélagsins | Þjóða upp á aðgengi að hjólastæðum fyrir vistvænni ferðamáta | 2026-2030 | Fjöldi nýrra hjólastæða                             | Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Við skipulagsgerð verður gert ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti                                | Auðvelda orkuskipti fyrir alla í samgöngum                   | 2026-2035 | Fjöldi innviða sem styðja við orkuskipti            | Skipulagsfulltrúi, Skipulagsnefnd        |

## 2. Uppbygging hringrásarhagkerfis og vistvæn innkaup

| Aðgerðir                                                        | Markmið                                | Tímarammi | Mælikvarði                                            | Ábyrgðaraðili                                               |
|-----------------------------------------------------------------|----------------------------------------|-----------|-------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------|
| Innleiða fjórflokka sorpflokkun í öllu húsnæði sveitarfélagsins | Hámarka endurvinnslu og draga úr urðun | 2025      | Hlutfall rétt flokkaðs úrgangs og magn urðaðs úrgangs | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs                   |
| Móta stefnu um úrgangsforvarnir                                 | Minnka heildarúrgang á hvern íbúa      | 2026      | Kg úrgangs á hvern íbúa                               | Umhverfisnefnd.<br>Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |

|                                                                    |                                       |           |                                            |                                          |
|--------------------------------------------------------------------|---------------------------------------|-----------|--------------------------------------------|------------------------------------------|
| Moltugerð við starfsstöðvar sveitarfélagsins                       | Endurvinnna lífrænan úrgang á staðnum | 2025-2027 | Magn moltu, úrgangs og fjöldi virkra staða | Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Heimamoltugerð                                                     | Nýta lífrænan úrgang á staðnum        | 2025-2027 | Fjöldi virkra moltustöðva                  | Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Styðja við stofnanir og verkefni sem ýta undir hringrásarhagkerfið | Auka sjálfbærni og nýtingu auðlinda   | 2025-     | Fjöldi nýrra verkefna                      | Sviðstjóri umhverfis og framkvæmdasviðs  |

### 3. Fræðsla og viðhorfsbreyting (stuðningsaðgerðir)

| Aðgerðir                                                              | Markmið                                              | Tímarammi | Mælikvarði                         | Ábyrgðaraðili                             |
|-----------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------|-----------|------------------------------------|-------------------------------------------|
| Halda árlega loftslagsfræðslu fyrir starfsfólk                        | Auka umhverfismeðvitund starfsfólks                  | 2025–     | Fjöldi námskeiða                   | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Auka loftslagsfræðslu í skólum                                        | Auka þekkingu nemenda                                | 2025–     | Hlutfall skóla með fræðsluverkefni | Sviðsstjóri fjölskyldusviðs               |
| Stofna opinn samráðsvettvang um loftslagsmál með íbúum og atvinnulífi | Auka þátttöku samfélagsins í stefnumótun og aðgerðum | 2025-2026 | Fjöldi þátttakenda og fjöldi funda | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |

#### 4. Innkaup og rekstur

| Aðgerðir                                                             | Markmið                                  | Tímarammi | Mælikvarði                                        | Ábyrgðaraðili                                                         |
|----------------------------------------------------------------------|------------------------------------------|-----------|---------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------|
| Skilgreina kolefnisspor innkaupa og forgangsraða vistvænum valkostum | Draga úr óbeinum losunarþáttum           | 2025      | Hlutfall vistvænna innkaupa af heildarútgjöldum   | Sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs                              |
| Skipta út vörum í mötuneytum fyrir loftslagsvænni valkosti           | Minnka losun vegna matar                 | 2025–2027 | Hlutfall vistvænna fæðutegunda                    | Stjórnendur stofnanna                                                 |
| Samþætta kolefnisspor í ársreikningi sveitarfélagsins                | Gera loftslagsáhrif fjárhagslega sýnileg | 2026      | Reikningar innihalda skýrslu um kolefnisspor      | Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs                             |
| Allir vinnustaðir sveitarfélagsins taka þátt í grænu skrefunum       | Auka þátttöku í grænum innkaupum         | 2025-     | Fjöldi vinnustaða sem taka þátt í grænu skrefunum | Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs<br>Stjórnendur stofnanna    |
| Halda áfram með LED-væðingu sveitarfélagsins                         | Draga úr orkunotkun og kolefnislosun     | 2025-2028 | Fjöldi LED-ljosa í notkun                         | Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs<br>Umsjónarmaður fasteigna. |

|                                                                                    |                                               |           |                                                 |                                                         |
|------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|-----------|-------------------------------------------------|---------------------------------------------------------|
| Kolefnishlutleysi verði leiðarljós í ákvarðanatöku og stjórnsýslu sveitarfélagsins | Innleiða kolefnishlutleysi í allar ákvarðanir | 2025-2040 | Fjöldi ákvarðana sem taka mið af kolefnisvottun | Sveitarstjóri, sviðstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs |
|------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|-----------|-------------------------------------------------|---------------------------------------------------------|

## 5. Landnotkun og binding í gróðri og jarðvegi

| Aðgerðir                                                                                            | Markmið                                                                                   | Tímarammi | Mælikvarði                                        | Ábyrgðaraðili                             |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|---------------------------------------------------|-------------------------------------------|
| Endurheimta votlendi þar sem það er raunhæft og umhverfislega hagkvæmt og mótuð stefna samhliða því | Auka náttúrulega kolefnisbindingu og vernda vistkerfi. Verndun líffræðilegrar fjölbreytni | 2025–2030 | Fjöldi hektara endurheimts votlendis              | Umhverfisnefnd, landeigendur              |
| Styrkja skógrækt og birkivæðingu á landsvæðum þar sem gróður hefur rýrnað                           | Efla náttúrutengda bindingu og fjölbreytt vistkerfi                                       | 2025–2035 | Fjöldi plantaðra trjáa og hektara skógræktarsvæða | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Stuðla að vernd og bættri nýtingu túna og beitolanda með áherslu á kolefnisbindingu í jarðvegi      | Viðhalda jarðvegsheilsu og auka bindingu                                                  | 2025–2030 | Fjöldi hektara í sjálfbærri landnýtingu           | Landbúnaðarnefnd, bændur                  |
| Meta kolefnisbindingargetu landsvæða sveitarfélagsins reglulega                                     | Byggja upp traust kerfi til eftirfylgni með kolefnisbindingu                              | 2025–     | Regluleg skráning og mat                          | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |

|                                                                                                  |                                                            |           |                           |                                                          |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------|-----------|---------------------------|----------------------------------------------------------|
| Leita samstarfs við ríkisstofnanir, rannsóknaraðila og fyrirtæki um nýjar aðferðir til bindingar | Auka vistkerfisbundna bindingu og nýta staðbundin tækifæri | 2025–2035 | Fjöldi samstarfsverkefna  | Sveitarstjóri, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs |
| Gróðursetja 100.000 tré á 10 árum                                                                | Binda CO2 og skapa skjólbeltisáhrif                        | 2025-2035 | Fjöldi gróðursettra trjáa | Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs                |

## 6. Samstarfsverkefni við íbúa, atvinnulíf og stofnanir

| Aðgerðir                                                                                       | Markmið                                                               | Tímarammi | Mælikvarði                              | Ábyrgðaraðili                                              |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------|-----------|-----------------------------------------|------------------------------------------------------------|
| Efla tengsl og samstarf við lykilaðila í landbúnaði, ferðaþjónustu, orkumálum og nýsköpun      | Byggja upp samstarf um loftslagsaðgerðir og efla ábyrgð í samfélaginu | 2025–2030 | Fjöldi samstarfsverkefna                | Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs                   |
| Stuðla að stofnun eða stuðningi við samfélagsverkefni þar sem íbúar geta tekið virkan þátt     | Auka þátttöku í loftslagsaðgerðum á staðnum                           | 2025–2027 | Fjöldi verkefna þar sem íbúar taka þátt | Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs<br>Umhverfisnefnd |
| Bjóða til viðburða og samráðsfunda þar sem hugmyndir og tækifæri til loftslagsaðgerða eru rædd | Efla meðvitund og samvinnu við íbúa og fyrirtæki                      | 2025–2030 | Fjöldi viðburða og samráðsfunda         | Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs                   |

## 7. Skipulag og mannvirki

| Aðgerðir                                                                                                      | Markmið                                                           | Tímarammi | Mælikvarði                                             | Ábyrgðaraðili                              |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------|-----------|--------------------------------------------------------|--------------------------------------------|
| Samþætta loftslagsmarkmið við alla skipulagsvinnu sveitarfélagsins                                            | Móta sjálfbært byggðamynstur og minnka kolefnispor                | 2025–2030 | Fjöldi skipulagsáætlana með loftslagsmarkmiðum         | Skipulagsnefnd                             |
| Við hönnun og framkvæmd nýrra mannvirkja verða vistvæn byggingarefni og orkunýtnar lausnir höfð í forgrunni   | Nýbyggingar verða kolefnishlutlausar og orkusparandi              | 2025–2030 | Hlutfall nýrra mannvirkja sem uppfylla loftslagskröfur | Umsjónarmaður fasteigna.<br>Skipulagsnefnd |
| Framkvæma orkuúttekt á öllum byggingum í eigum sveitarfélagsins                                               | Koma auga á orkusóun og forgangsraða aðgerðum                     | 2025      | Fjöldi framkvæmda orkuúttekta                          | Umsjónarmaður fasteigna                    |
| Skoða möguleika á að bæta upphitun húsa í eigu sveitarfélagsins                                               | Minnka losun vegna upphitunarkerfa húsa                           | 2025-2030 | Betri nýting og minni notkun á heitu vatni             | Umsjónarmaður fasteigna                    |
| Við skipulagsgerð verði greint hvaða áskoranir er að vænta til langs tíma vegna afleiðinga loftslagsbreytinga | Mótun langtímastefnu fyrir skipulagsgerð vegna loftslagsbreytinga | 2025-     | Fjöldi verkefna sem metin eru fyrir áætlunina          | Skipulagsfulltrúi                          |

|                                                                     |                                                 |           |                                           |                   |
|---------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------|-----------|-------------------------------------------|-------------------|
| Notast við blágrænar ofanvatnslausnir bæði í eldri og nýjum hverfum | Auka vistvænar lausnir og bæta farveg ofanvatns | 2025-2030 | Fjöldi nýrra ofanvatnslausna              | Skipulagsfulltrúi |
| Umhverfismat á skipulagsáætlunum                                    | Tryggja sjálfbærni og vistvæna þróun            | 2025-2030 | Fjöldi skipulagsáætlana með umhverfismati | Skipulagsfulltrúi |